

**Nd.**

**594. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1913.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1913, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr bæjarsjóði eða sýslusjóði, en að hálfu úr rikissjóði, og fer greiðsla þeirra fram í kaupstöðum á mánuði hverjum, en annarsstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 250 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 250 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 50 kr., uns launabótin nemur 100 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypiss fararbeiðni báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem

yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

#### Greinargerð.

Launakjör yfirsetukvenna eru nú orðin alveg óviðunandi. Horfir til hinna mestu vandræða, því skortur er mikill víða um land á yfirsetukonum, og öldungis víst, að hann muni verða enn meiri, ef ekki er bót á ráðin. Nefndin vill því gera nokkra tilraun til að bæta kjör þessara starfsmanna ríkisins og hjeraðanna, enda eru þeir engu síður nauðsynlegir en hinir aðrir, sem nú er verið að bæta fyrir til þess að ríkinu haldist á góðum starfskröftum.

Fyrir breytingunum mun annars gerð grein í framsögu.